

**20. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
16. september 2015 og hófst hann kl. 15:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi og Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1404016 - Skátaskálinn Skorradal - endurnýjun á samningi**

Stjórn skálanefnd skátaskálans í Skorradal óskaði eftir viðræðum við bæjarráð um endurnýjun á samningi Akraneskaupstaðar og Skátafélags Akraness um rekstur og uppbyggingu Skátafélags í Skorradal frá maí 2002. Erindinu var vísað til skóla- og frístundaráðs en fulltrúar Akraneskaupstaðar hafa fundað með fulltrúum Skátafélagsins og leggja fram drög að samningi.

*Helgi Hauksson og Sigurjón Örn Stefánsson fulltrúar Skátafélags Akraness í skálanefndar skátaskálans í Skorradal mættu á fundinn kl. 15:30.*

*Farið var yfir drög að endurnýjun á samning um rekstur og uppbyggingu Skátafélags í Skorradal. Afgreiðslu málsins frestað.*

*Helgi og Sigurjón Örn viku af fundi kl. 16:00.*

**2. 1503281 - Starfsemi leikskóla - sumarskóli 2015**

Sumarskóli leikskólanna á Akranesi var starfandi í fjórða sinni í Vallarseli sumarið 2015. Síðustu þrjú sumur þar á undan var boðið upp á sumarskóla í þrjár vikur ef foreldrar 20 eða fleiri barna væru skráð í sumarskólann. Fyrsta sumarið var opið í tvær vikur, tvö sumur þar á eftir var opið í eina viku. Í ár ákvað skóla- og frístundaráð að bjóða upp á sumarskóla í tvær vikur óháð fjölda og þriðju vikuna ef foreldrar 15 eða fleiri barna óskuðu eftir því. Fjöldi barna í sumarskólanum náði ekki viðmiði í þriðju vikunni og því var hann opinn í tvær vikur með 76 börnum í fyrri vikunni og 39 börn í þeirri síðari. Nú liggur fyrir greinargerð um starfsemi sumarskólans 2015.

*Á fundinn mættu kl. 16:00 Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnafulltrúi leikskólustjóra, Gunnur Hjálmsdóttir áheyrnafulltrúi stafsmanna og Elín Theodóra Reynisdóttir áheyrnafulltrúi foreldra.*

*Brynhildur Björg fór yfir mat og framkvæmd á starfsemi sumarskóla Akraneskaupstaðar 2015.*

**3. 1508079 - Innritun í leikskóla - athugasemdir**

Fyrirspurnir hafa borist frá foreldrum vegna innritunar í leikskóla. Fyrirspurnirnar beinist að gr. 1.3. í Verklagsreglum um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar um aldur við innritun. Foreldrum sem sent hafa inn fyrirspurnir var boðið að koma á fund skóla- og frístundaráðs og fá þannig tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og fara yfir þær leiðir sem þeir sjá til leysa málið á farsælan hátt.

*Foreldrar sem hafa sent inn erindi og fyrirspurnir um innritun í leikskóla mættu á*

fundinn kl. 16:30. Foreldrar fóru yfir óskir sínar og tillögur um breytingar á innritun í leikskóla Akraneskaupstaðar. Skóla- og frístundaráð þakkar foreldrum fyrir upplýsta umræðu sem gefur ráðinu betri innsýn í aðstæður foreldra og barna sem ráðið mun nýta sér í vinnu við að leita lausna.

Brynhildur Björg, Gunnur, Elín og foreldrar viku af fundi kl. 17:25.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**

Sigríður Indriðadóttir  
Kristín H. Sveinsson  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Haukður Ólafsson  
Gunnur Guðsson  
Rannveig Ólafsdóttir